

210. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIÐVIKUDAGINN 20. NÓVEMBER 2013

haldinn í Grensáskirkju, Reykjavík kl. 15:40

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Skipan í nefnd innanríkisráðherra um endurskoðun sóknargjalda
3. Önnur mál
 - a) Ástjarnarsókn

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst kl. 15:40. Mætt voru biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

2. NEFND UM SÓKNARGJÖLDIN

Á fundi kirkjuráðs 15. október sl. var kynnt erindi frá innanríkisráðherra, þess efnis að ráðherra óskar eftir tilnefningum þjóðkirkjunnar í starfshóp, sem ráðherra hyggst skipa, sem fái það verkefni að leggja drög að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar, safnaða hennar og annarra trú- og lífsskoðunarfélaga.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri funduðu með fulltrúum Innanríkisráðuneytisins og komu þeim sjónarmiðum kirkjuráðs á framfæri að um tvö mál væri að ræða, annars vegar lög um sóknargjöld o.fl. frá 1987, og hins vegar tvíhliða samning ríkis og kirkju um kirkjujarðir frá 10. janúar 1997. Ráðuneytið féllst á það sjónarmið.

Kirkjuráð samþykkti að skipa þau Ingu Rún Ólafsdóttur, sviðsstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa á kirkjuþingi annars vegar og séra Gísla Jónasson, sóknarprest í Breiðholtsprestakalli og prófast í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra hins vegar, sem fulltrúa kirkjuráðs í nefnd innanríkisráðherra um endurskoðun sóknargjalda. Með því að tilnefna bæði karl og konu í nefndina af hálfu kirkjunnar er gætt jafnréttis kynjanna og tilgangur 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 næst.

3. ÖNNUR MÁL

a) *Ástjarnarsókn*

Kirkjuráð samþykkti að funda með sóknarnefndinni 10. desember nk. og skoða aðstæður safnaðarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands